

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli

Útgáfudagur:
10. mars 2020

Gildistaka:
10. mars 2020

RS: 1/2020
Kemur í stað RS: 3/2009

Efni: Tilkynningar til brotþola og réttargæslumanna

Samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 ber ákærvaldinu að sjá um að brotþolum sé tilkynnt um stöðu og afgreiðslu máls eins og hér segir:

1. Að kæru hafi verið vísað frá eða rannsókn máls hætt, sbr. 4. mgr. 52. gr. sml.
2. mgr. 40. gr. og 5. mgr. 52. gr. sml.
- 2. Að mál hafi verið fellt niður vegna sönnunarskorts, sbr. 145. gr. sml.
2. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 147. gr. sml.
3. Að fallið hafi verið frá saksókn í máli, sbr. 146. gr. sml.
2. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 147. gr. sml.

Jafnframt ber að kynna brotþola rétt hans til að óska eftir rökstuðningi fyrir ofangreindum ákvörðunum og rétt hans til að kæra ákvörðun til ríkissaksóknara.

4. Að ákæra hafi verið gefin út í máli. Tilkynna skal þegar ákæra hefur verið birt nema brotþoli hafi áður fengið vitneskju um hana.
3. mgr. 40. gr. sml.
5. Niðurstöðu dóms, jafnt héraðsdóms og áfrýjunardóms, eða afdrif máls að öðru leyti, enda hafi hagsmuna brotþola ekki verið gætt fyrir dómi.
3. mgr. 40. gr. sml.

Tilkynningar þessar skulu vera skriflegar. Tilkynning um að ákæra hafi verið gefin út skal geyma stutta lýsingu á efni ákæru. Tilkynningu um niðurstöðu dóms fylgi ljósrit/endurrit af dómsorði.

Auk framangreindra tilkynninga skulu ákærendur sjá til þess að brotþoli og réttargæslumaður séu upplýstir um það ef sakborningur/kærði er settur í gæsluvarðhald og þegar hann er látinn laus úr gæsluvarðhaldi **þegar um brot gegn XXII-XXIV. kafla almennra hegningarlaga er að ræða eða atvik máls eru með þeim hætti að telja verður mikilvægt fyrir brotþola að vera upplýstur um framangreint.**

Þá mun ríkissaksóknari tilkynna brotþola og réttargæslumanni um áfrýjun sýknudóma og annarra dóma sem brotþoli fær annars ekki vitneskju um (áfrýjunarstefna ekki birt fyrir brotþola).

Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotþola og veita honum aðstoð í málinu, sbr. 45. gr. sml. Til þess að rækja þetta hlutverk er mikilvægt fyrir réttargæslumann að fá sem gleggstar upplýsingar frá ákærvaldinu um stöðu máls og afgreiðslu. Þess vegna er hér með mælt fyrir um, enda ekki fyrirskipað berum orðum í sml., að tilkynna skal réttargæslumanni, hafi hann verið tilnefndur eða skipaður, sbr. 41. gr. og 42. gr. sml., eða lögmanni brotþola, sbr. 43. gr. sml., um stöðu máls eða afgreiðslu þess jafnframt brotþola sjálfum.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari